

3. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Undralands haldinn fimmrudaginn 29. nóvmeber 2018 kl. 15.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Jón Bjarnason (D og óháðir). Einnig sat fundinn Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks. Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir), boðaði forföll og mætti Jón Bjarnason í hennar stað. Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs boðuðu einnig forföll.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

- 1. Erindisbréf skólanefndar**
 - 2. Samstarf, innra og ytra mat skv. 9-10. töluliðum gátlista f/skólanefndir v. leikskóla**
 - 3. Brunaúttekt**
 - 4. Umsóknir – ársgömul börn**
 - 5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**
-

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Einnig var óskað eftir athugasemdum við breyttan fundarstað. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

1. Erindisbréf skólanefndar

Formaður fór yfir endurskoðað erindisbréf nefndarinnar.

Skólanefnd samþykkir samhljóða erindisbréfið eins og það er lagt fram á fundinum.

2. Samstarf, innra og ytra mat skv. 9-10. töluliðum gátlista f/skólanefndir v. leikskóla

Formaður fór yfir málið. Liðirnir fjalla m.a. um samstarfs leikskóla og grunnskóla og er það með skipulögðum hætti, eins varðandi aðlögun. Farið var yfir þá liði sem eftir er að framkvæma og stjórnendum falið að vinna í þeim í samræmi við umræður á fundinum.

Fundarfólk var sammála um að taka þarf saman eina skýrslu varðandi innra mat leikskólans og birta í vor.

3. Brunaúttekt

Staðgengill leikskólastjóra fór yfir niðurstöður brunaúttektar Brunavarna Árnессýslu, dags. 23. október 2018.

Þar koma fram tvær athugasemdir:

1. Leiðarljós (Exit-ljós) logar ekki við bakdyr leikskólans (starfsmannainngang), en slík ljós skulu vera sílogandi.
2. Eldvarnarhurð í eldhúsi er haldið í opinni stöðu, en slíkt er óheimilt.



Málið rætt. Staðgengill leikskólastjóra upplýsti að unnið er að úrbótum vegna ofangreindra atriða og tilkynna brunavörnum þegar þær liggja fyrir.

Skólanefnd leggur áherslu á að öryggismál séu ávallt í lagi og að úrbótum verði lokið sem allra fyrst.

4. Umsóknir – ársgömul börn

Farið var yfir málið. Um er að ræða 5 börn. Samþykkt að veita undanþágu fyrir börnin, sbr. dvalarreglum leikskólans.

5. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

a) Gátlisti. Samþykkt að taka fyrir lið nr. 1 á næsta fundi.

Næsti fundur er ráðgerður fimmþudaginn 31. janúar 2019, kl. 14.30.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.30.

Frá: Þorkelsdóttir
Síða: Egill
Gloðongaldsd.